

Landnám vorflugunnar *Potamophylax cingulatus* (Steph.) (Trichoptera, Limnephilidae) á Íslandi á síðastliðnum 30 árum

Gísli Már Gíslason*, Elísabet Ragna Hannesdóttir* og Erling Ólafsson**

Líffræðistofnun Háskólans, Háskóla Íslands, Öskju, Reykjavík.

**Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi, Reykjavík.

Tölvufang: gmg@hi.is

Vorflugan *Potamophylax cingulatus* er ungur landnemi á Íslandi. Tegundin fannst fyrst 1974. Útbreiðslan var þá takmörkuð við Austurland og Norðurland, norður í Austur-Húnavatnssýslu. Vorflugan *Apatania zonella* hafði horfið úr flestum ám sem *P. cingulatus* hafði numið, nema þeim frjósömustu. *A. zonella* hafði fundist í þessum ám fyrir árið 1946.

Í núverandi rannsóknum á útbreiðslu vorflugna á Íslandi hefur *P. cingulatus* fundist á Suðurlandi og Vesturlandi, en ekki á Vestfjörðum og í miðhálandinu. Hún fannst fyrst á Vesturlandi um 1990 og á Suðurlandi 1997.

Fylgst hefur verið fjölda *P. cingulatus* á Suðurlandi undanfarin ár sem getur verið mælikvarði á stofnstærðarbreytingar.

Útbreiðsla *P. cingulatus* verður rædd meðal annars með tilliti til eyjavistfræðikenningarinnar.